

---

# Hofstaðir í Mývatnssveit

Fornleifarannsókn árið 2020

---



**HILDUR GESTSDÓTTIR (RITSTJ.)**

**MEÐ VIÐAUKA EFTIR HÓLMFRÍÐI SVEINSDÓTTUR**

---

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**

**REYKJAVÍK 2021**

**FS839-910123**

---



*Forsíðumynd: uppgraftarsvæðið við upphaf rannsóknar*

©Fornleifastofnun Íslands 2021

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Vefsíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Contents

Grunnupplýsingar.....	3
Útdráttur.....	5
Lykilorð.....	5
Abstract.....	5
Keywords.....	5
Inngangur.....	6
Markmið.....	7
Aðferðafræði.....	8
Gripir.....	8
Jarðvegssýni.....	9
Fleyting.....	9
Meginmál.....	9
940-1477.....	11
Fyrir 940.....	12
Sýni.....	13
Niðurstöður.....	14
Heimildir.....	15
Viðaukar.....	16
Einingaskrá.....	16
Fundaskrá.....	17
Sýnaskrá.....	17
Ljósmyndaskrá.....	18
Matrix.....	22
Skýrslur Hofstaðarannsóknarinnar.....	23

## Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): **201609-0109**

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): **2020-35**

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: **Á ekki við.**

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): **Rannsókn á mannvirki 3 á bæjarstæði Brekkna, síðasti liður í þriggja ára forransókn.**

Tegund rannsóknar (framkvæmdarannsókn, vísindarannsókn, björgunarrannsókn, framkvæmdaeftirlit): **Vísindarannsókn**

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: voru þær huldar aftur eða fjarlægðar: **Rannsóknarsvæðið var hulið.**

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla): **Hofstaðir, Skútustaðahreppur, Norður Þingeyjarsýsla.**

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis): **A: 584692, N: 569539**

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar): **27. júní – 7. júlí 2020**

Leyfishafi: **Hildur Gestsdóttir**

Fjöldi starfsmanna: **5**

Staðsetningarkort



## Útdráttur

Sumarið 2020 var síðasta árið í þriggja ára forrannsókn á bæjarstæði Brekkna í landi Hofstaða í Mývatnssveit. Hafinn var uppgröftur á tóft 3 á bæjarstæðinu. Tóftin hafði verið skráð sem tveggja hólfa, „L“-laga tóft, um 10 x 16 m að stærð með norður-suður stefnu. Opnað var svæði, 3 x 7 m yfir það sem skráð hafði verið sem syðri útveggur tóftarinnar, og var prufuskurður frá 2017 í miðju svæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru að það sem hafði verið skráð sem suðurveggur mannvirkis, var í raun bakki (annað hvort skorinn bakki eða rof). Hins vegar kom í ljós mannvirki undir S-Sv940 gjóskunni í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins, torfveggur, torfhrun og þykk kolalög. Þessi mannvistarlæg eru enn ógráfin. Mannvistarlæg í borkjörnum norðan við uppgraftarsvæðið benda til þess að þar sé annað mannvirki.

### Lykilorð

Í Brekkum, Hofstaðir, Mývatnssveit, uppgröftur, bæjarstæði, víkingaöld

### Abstract

The summer of 2020 was the third and final year of a three year preliminary study of the farm site of Í Brekkum at Hofstaðir in Mývatnssveit. The focus of the season was the excavation of structure 3. This had previously been recorded as a single “L”-shaped structure, approximately 10 x 16 m, oriented north-south. An area 3 x 7 was opened over what had been recorded as the southern wall of structure 3, with the trial trench from 2017 in the centre of the excavation area. It was concluded that what had been recorded as the southern wall of structure 3 was a bank, either cut or formed by erosion, not likely to be structural. There was however a feature in the southwestern corner of the excavation area, a turf wall and turf debris as well as a thick charcoal deposit. These were sealed by the S-Sv940 tephra, and are as yet unexcavated. The results of the coring study carried out on the site seem to indicate that there is a second structure to the north of the excavation area.

### Keywords

Í Brekkum, Hofstaðir, Mývatnssveit, excavation, farm site, Viking age.

## Inngangur

Árið 2016 fundust áður óþekktar tóftir, þar með talið skáli og það sem túlkað hafur verið sem útihús honum tengd, við norðurenda túnsins á Hofstöðum í Mývatnssveit, um 400m norður af veisluskálanum sem grafinn var upp á árunum 1995-2002.<sup>1</sup> Þetta bæjarstæði hefur hlotið nafnið í Brekkum, en Brekkur er þekkt örnefni á þessum stað.<sup>2</sup> Rannsóknir á bæjarstæðinu hafa leitt í ljós að það þar sé að finna að minnsta kosti fjögur, jafnvel fimm mannvirki sé, þ.m.t. um 25 m langa skálatóft (tóft 1) auk þriggja minni tófta (tóft 2-4).<sup>3</sup> Sumarið 2019 fannst svo torfveggur í prufuskurði sem tekinn var innan sléttaðs túns rétt sunnan við bæjarstæði Brekkna sem gæti verið mannvirki tengt bæjarstæðinu, og þá bent til þess að það hafi teygst sig lengra í suður en áður var talið.<sup>4</sup> Auk bæjarstæðisins hafa rannsóknir síðustu ára leitt í ljós mögulegan kumlateig (tóft 5) ofan við bæjarstæðið<sup>5</sup> og járnvinnslusvæði við suðvesturhorn nyrsta túnsins á Hofstöðum.<sup>6</sup>

Bæjarstæði Brekkna, sem hefur verið tímasett frá því fyrir 940, er í norðausturhorni svokallaðs *Túngarðs*<sup>7</sup> sem umlykur tún og bæjarstæði Hofstaða. Þetta þýðir að í dag eru þrjú þekkt bæjarstæði frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar innan túnsgarðsins, Í Brekkum, veisluskálinn og undir bæjarhólnum gamla, en uppgröftur í kirkjugarði leiddi í ljós öskuhauga frá því rétt eftir 940.<sup>8</sup> Þessi fundur kallar á endurmat á þróun Hofstaða sem miðstöðvar<sup>9</sup> auk endurskoðunar á hugmyndum um efnahagsgrundvöll og skipulag miðstöðvarinnar, en hann bætir líka í vaxandi safn vísbendinga um að í öndverðu hafi jafnvel verið algengt að fleiri en eitt bæjarstæði væru í sama túni þar sem síðar stóð bara einn bær. Dæmi eru um fleiri bæjarstæði þar sem tveir eða fleiri skálar frá sama eða svipuðum tíma eru saman í hnapp (t.d. Hvítárholt<sup>10</sup> og Reykjavík<sup>11</sup>). Margt bendir því til að grunnskipulag byggðar á Íslandi hafi verið með öðrum hætti í öndverðu

---

<sup>1</sup> G. Lucas, 2009.

<sup>2</sup> *Ö-Hofstaðir*.

<sup>3</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir o.fl. 2017; Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018a, 2018b; Orri Vésteinsson, 2016.

<sup>4</sup> Hildur Gestsdóttir o.fl., 2020.

<sup>5</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir o.fl., 2017; Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b.

<sup>6</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018a.

<sup>7</sup> Rannsóknir á þessum garði hafa leitt í ljós að hann hefur verið reistur eftir 940, og hann því yngri en bæjarstæði Brekkna. Hann hefur þó verið í notkun mjög lengi, jafnvel fram á 15. öld (Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b: 17-9; Lucas, 2009: 155-8).

<sup>8</sup> Hildur Gestsdóttir, í vinnslu.

<sup>9</sup> sjá t.d. Hildur Gestsdóttir, í vinnslu; Lucas, 2009; Lucas & McGovern, 2007.

<sup>10</sup> Þór Magnússon, 1973.

<sup>11</sup> Lísabet Guðmundsdóttir, 2020; Nordahl, 1988; Roberts o.fl., 2003.

en síðar varð og er brýnt að skýra betur hvernig í þessu lá, hvernig hin ólíku bæjarstæði tengdust og hvernig þróunin varð, hvenær og af hverju sum lögðust af en önnur héldu áfram að vera í byggð og að hvaða marki málið snýst um færslu bæjarstæða fremur en tví- eða fjölbýli.

Síðustu misseri hefur verið unnið að skipulagningu langtímaverkefnis sem snéri að áframhaldandi rannsóknum á Hofstöðum samhliða uppbyggingu á alþjóðlegum vettvangsskóla í fornleifafræði sem rekinn yrði við Háskóla Íslands. Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn sumarið 2020 og urðu þeir erlendu fræðimenn sem hugðust taka þátt í rannsókninni með nemendum sínum frá að hverfa, og var rannsóknin því með töluvert smærra sniði en gert hafði verið ráð fyrir. Stefnt er að því að taka upp þráðinn í þessu verkefni þegar hægt verður að ferðast auðveldlega á milli landa á ný.

Vettvangsvinna í Brekkum sumarið 2020 fór fram dagana 27. júní – 7. júlí. Starfsmenn við rannsóknina voru fornleifafræðingarnir Hildur Gestsdóttir (stjórnandi) og Hólmfríður Sveinsdóttir, og fornleifafræðinemarnir Atli Freyr Guðmundsson og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir. Auk þeirra tók Þóra Pétursdóttir fornleifafræðingur þátt í uppgreftrinum í einn dag. Hólmfríður sá um úrvinnslu á gripum, en Hildur alla aðra úrvinnslu, og nutu þær aðstoðar Jóhönnu við þá vinnu. Þar sem uppgröfturinn hafði verið skipulagður sem undirbúningsverkefni fyrir væntanlegan vettvangsskóla var aðaláherslan lögð á að kenna aðferðafræði við fornleifauppgröft en ekki framgang verksins.

## Markmið

Eins og fram hefur komið var sumarið 2020 síðasta árið af þriggja ára forrannsóknaráætlun á bæjarstæði Bekkna. Fyrri ár voru gerðir profuskurðir og ýtarleg borkjarnarannsókn, en gert var ráð fyrir að hefja uppgröft á bæjarstæðinu síðasta ár forrannsóknarinnar. Ákveðið var að hefja rannsóknina á tóft 3 (KORT). Nokkrar ástæður eru fyrir því að valið var að grafa þar, en ekki í skálann sjálfan. Í fyrsta lagi er rannsókn á skálanum og öskuhaugnum mun viðameiri rannsókn og hentar því betur að hefja uppgröft á þeim minjum með meiri vissu um framtíðarfjármögnun. Í öðru lagi er minnst óvissa um hluverk skálans, þarna var líklega íveruhús. Þeir profuskurðir sem grafnir hafa verið í útihúsin hafa hins vegar lítið geta upplýst um hlutverk þeirra og því vonast til að með rannsókn á einu þeirra verði hægt að afla frekari upplýsinga um það hvaða hlutverki bæjarstæði Brekkna gegndi. Einnig var vonast til að með þessari



rannsókn myndi þekking á ástandi minja í Brekkum einnig aukast og því auðvelda skipuleggningu framtíðarrannsókna á svæðinu.

## Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunar Íslands.<sup>12</sup> Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Hofstöðum. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn.<sup>13</sup>

## Gripir

Gripir (þ.m.t. dýrabein) sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgrafterarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna tengd við gripánúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.<sup>14</sup>

---

<sup>12</sup> Lucas, 2003.

<sup>13</sup> Lucas, 2003, harrismatrixcomposer.com

<sup>14</sup> Lucas, 2003.

## Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Jarðvegssýnin fá einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

## Fleyting

Jarðefni eru leyst upp í vatni í þar til gerðum búnaði sem veldur því að koluð lífræn efni fljóta á yfirborðinu en þyngri efni falla til botns. Þannig er hægt að skilja mold og sand frá þar sem leifum sem hægt er að nota til að greina ýmis ummerki athafna manna á því svæði sem sýnið var tekið. Botnfallinu er að lokum safnað saman og það hengt upp til þerris. Þegar það er orðið þurrt er flokkað úr botnfallinu.

Tilgangur fleytinga jarðvegssýna er að finna lífrænar leifar, svo sem fræ og aðrar plöntuleifar, en einnig skordýr og smáa gripi. Þrátt fyrir að jarðlög séu handgrafin og aðgæsla viðhöfð, eru þessar leifar oft svo smáar að þær finnast sjaldan þegar beitt er hefðbundnum uppgraftaraðferðum, þ.e. finnast ekki nema með sýnatöku.

## Meginmál

Tóft 3 er á stalli í brekkunni sem bæjarstæði Brekkna liggur í, vestan við skálatóftina (sjá mynd 1). Áður en uppgröftur hófst var tóftin þakin trjágróðri, og því var lögun hennar ekki auðséð. Hún hafði verið skráð sem tvískipt tóft, um 10 x 16 m að stærð með stefnu í norður-suður. Nyrðra rýmið var skráð með stefnu norður-suður en það syðra austur-vestur þannig að tóftin var nokkurn veginn eins og „L“ í laginu.<sup>15</sup> Sumarið 2017 var grafinn prufuskurður (1 x 1,5 m) sem lá norður-suður upp á suðurúttegg tóftarinnar, og inn í syðra hólfið. Þar var skráð það sem talið var vera syðri útveggur tóftarinnar [805], og í suðvesturhorni prufuskurðarins inngangur í tóftina. Innan tóftarinnar var skráð mögulegt yfirborð/gólflag [804], um 20 cm þykkt torfkennt lag með nokkrum kolaskellum. Aldursgreining á þessu mannvirki var að það hafi verið byggt rétt eftir að landnámslagið féll, 877±1, en að það hafi verið farið úr notkun vel fyrir 1477.<sup>16</sup>

<sup>15</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir o.fl., 2017; Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b.

<sup>16</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b: 27-8.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af bæjarstæði Brekkna. Þekktar minjar á svæðinu eru brúnar. Rannsóknarsvæðið er merkt með rauðu.

Við rannsóknina 2020 var ákveðið að opna svæði yfir suðurenda tóftar 3, út frá þrúfuskurðinum sem grafinn var 2017 (sjá mynd 1). Fyrst þurfti þó að fjarlægja gróður ofan af rannsóknarsvæðinu. Opnað var svæði sem varð alls 3 x 7 m með stefnu austur-vestur, og lá þrúfuskurðurinn frá 2017, [6000] & [6001], nokkurn veginn fyrir miðju þess svæðis.

Einungis eitt foklag [6002] var fjarlægt ofan af gjóskulaginu úr Veidivötnum 1477, [6003].

940-1477

Undan V-1477 komu nokkur blönduð áfokslög þar sem sjá mátti merki um mannvist, torfflekki, kolaaganir og brennd bein. Inn á milli þeirra mátti svo sjá uppmoksturslög með hreyfðri forsögulegri gjósku. Einnig bar mikið á þúfnamyndun. Undan þessum lögum kom í ljós bakki, c. 10-25 cm hár, sem lá austur-vestur þvert yfir uppgraftarsvæðið, [6030]=[6035]. Uppgrafin lengd á bakkanum var því 7 m og var hann skorinn af prufuskurði H, [6001] frá 2017.



*Mynd 2. Drónamynd sem sýnir bakka [6030]=[6035], niðurskurð eða rofabarð sem túlkað hafði verið sem suðurveggur tóftar 3. Ofan á bakkanum má sjá S-Sv940 gjóskuna sem hefur verið skorin þegar bakkinn myndaðist. Suður snýr upp á myndinni.*

Þar sem bakkinn náði út fyrir mörk uppgraftarsvæðisins, bæði til austurs og vesturs, er á þessu stigi ekki mögulegt að segja til um hvort þessi bakki hafi myndast af manna völdum (niðurgröftur), eða hvort um rofabakka sé að ræða (sjá mynd 2). Í ljós kom að töluvert af því sem túlkað hafði verið sem útveggir tóftar 3 á yfirborði reyndist vera landslagsmótun af völdum þessa bakka, sem hafði verið töluvert ýktur af þúfnamyndun sérstaklega á bakkabrúninni. Ofan í dældinni sem þessi bakki myndaði lágu austan megin við prufuskurð [6001] nokkur torfblönduð foklög [6008], [6009], [6013] ofan á

lífrænu yfirborðslagi, [6015]. Þetta er sama lag og það sem skráð var sem mögulegt gólflag í tóft 3 í skurði H [804].<sup>17</sup> Vestan við skurð H lágu tvö lítil foklög, [6025], [6031] auk tveggja lífrænna laga, [6020=6023] & [6028]. Undir þessum lögum lá 10 cm uppmoksturslag með hreyfðri forsögulegri H3 gjósku [6034]. Engin merki eru um gröft sem nær niður fyrir H3 innan uppgraftarsvæðisins og því er líklegt að þetta lag sé merki um uppgröft einhvers staðar utan við uppgraftarsvæðið. Bakki/rof [6030] austan við prufuskurð H, [6001], skar óhreyfða gjósku frá V-Sv940 [6032] og hefur því myndast aftir að gjóskan féll.

### Fyrir 940

Gjóskan úr Veidivötnum, S-Sv940, lá óhreyfð í suðausturhorni uppgraftarsvæðisins, [6032] og slitrótt í vesturhluta svæðisins sunnanmegin [6033]. Gjóskan var skorin af




*Mynd 3. Torfveggir [6039]#[6040] fyrir miðri mynd, torflag [6036] og kolalag [6038] í suðvesturhorni uppgraftarsvæðis (hægra megin á mynd). Þessi mannvistarlög eru enn óuppgráfin. Horft í austur.*

bakka [6030]. Mannvistarlög undir S-Sv940 eru ógráfin enn. Í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins eru torfveggir, [6039] og [6040] sem liggja í framhaldi hvor af öðrun með stefnuna austur-vestur í vesturenda uppgraftarsvæðisins. Heildarlengd þeirra sem gráfin hefur verið fram er um 2 m og breidd þeirra um 0,6 m. Á milli þeirra er 0,6 m breitt skarð, sem skráð var sem inngangur í mannvirkið í prufuskurði H,<sup>18</sup> en ekki er hægt að útiloka að um náttúrulega vatnsrás sé að ræða, sem rofið hefur vegginn. Sunnan við veggjarhleðsluna eru þétt torflag [6036] og uppmoksturslag [6037] sem liggja ofan á þykku kolalagi, [6038] sem sést í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins (sjá myndir 3 & 4).

<sup>17</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b: 27.

<sup>18</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b: 27.



Mynd 4. Uppgriftarsvæðið við lok rannsóknar. Tóft 3 samkvæmt skráningu er sýnd í ljós gráu.

## Gripir

### -Hólmfríður Sveinsdóttir

Einungis fjögur gripanúmer voru skráð við uppgröftinn árið 2020. Þar með talið eru tvö brennd dýrabein <2020-35-1> & <2020-35-3>, ásamt aðfluttum vatnssorfnum steini, (e. *manuport*) <2020-35-3>. Þessir gripir fundust allir í uppsöfnuðum áfokslögum sem safnast höfðu á milli S-Sv940 og V-1477. Þar að auki fannst lítið brýnisbrot úr flögubergi <2020-35-4> í torfvegg [6024] sem liggur undir S-Sv940, enn ógrafinn.

## Sýni

Alls voru þrjú sýni tekin við rannsóknina, tvö kolasýni til aldursgreiningar og eitt jarðvegssýni úr [6015] sem skráð var sem mögulegt gólflag í prufuskurðinum 2017.

Þessi sýni hafa ekki verið greind, en allar ákvarðanir um greiningu sýna verða teknar þegar rannsókn á tóft 3 er komin lengra á veg.

## Niðurstöður

Sú mynd sem dregin var upp af tóft 3 á bæjarstæði Brekkna í kjölfar borkjarnarannsóknar og prufuskurða er töluverð breytt eftir rannsóknina sumarið 2020. Það sem túlkað var sem syðri útveggur tóftarinnar reyndist í raun vera bakki (annað hvort rofabakki eða niðurgröftur sem nær út fyrir uppgraftarsvæðið). Þúfumyndun við bakkann hefur svo enn frekar ýkt hann. Bakkinn og þúfumyndunin hafa orðið til eftir að S-Sv940 gjóskan féll. Uppmökstur og áfokslög með kolum, brenndum beinum og torfflyksum á milli S-Sv940 og V-1477 benda til mannvistar á svæðinu á því tímabili, þó að ekki sé um mannvirki að ræða innan uppgraftarsvæðisins.

Þó eru merki um mannvirki í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins, undir S-Sv940 gjóskunni. Þar eru torfveggur, torfhrun og þykkt kolalag. Auk þess fannst þar brot úr brýni. Þessi mannvistarlög eru ennþá órannsökuð.

Það er því ljóst að einhver umsvif hafa verið á bæjarstæði Brekkna eftir 940, þó að ekki hafi fundist skýr merki um slíkt í prufuskurðum. Einnig er það augljóst að tóft 3 er ekki eitt mannvirki, en frekar tvö, annars vegar suðvestan við uppgraftarsvæðið og hins vegar norðan við það, það síðarnefnda byggt á borkjarnarannsóknnum. Borkjarnarannsóknir bentu einnig til þess að mögulega væri ruslahaugur suðvestan við uppgraftarsvæðið, en áætla má það út frá niðurstöðum borkjarnarannsóknar,<sup>19</sup> þó engin merki hafi fundist um hana sumarið 2020.

Við áframhaldandi rannsóknir á þessu svæði er því stefnt að því að stækka svæðið í suðvestur og norður til að hægt sé að gera betur grein fyrir þeim mannvirkjum sem þar er að finna.

---

<sup>19</sup> Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b: 8-10.

## Heimildir

- Hildur Gestsdóttir. (í vinnslu). Hofstaðir in Mývatnssveit. An early religious landscape. Í Jette Arneborg & Orri Vésteinsson (ritstj.), *Small churches in the North Atlantic*. The North Atlantic Worlds, Prepols Publishers.
- Hildur Gestsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, & Orri Vésteinsson. (2020). *Hofstaðir í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2019*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, FS793-910122.
- Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Roberts, Howell, & Orri Vésteinsson. (2017). New discoveries: Í Brekkum. *Archaeologia Islandica*, 12, 85-92.
- Lilja Laufey Davíðsdóttir, & Orri Vésteinsson. (2018a). *Hofstaðir í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2018*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, FS726-910121.
- Lilja Laufey Davíðsdóttir, & Orri Vésteinsson. (2018b). *Í Brekkum. Fornbýli í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2017*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, FS699-910120.
- Lísabet Guðmundsdóttir. (2020). Mungátsleþjandi víkingar í 101 Reykjavík. Í Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson (ritstj.). *Minjaping - helgað Mjöll Snæsdóttur* (pp. 53-70). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Lucas, G. (2003). *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Lucas, G. (Ed.) (2009). *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age feasting hall in north-eastern Iceland*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Lucas, G., & McGovern, T. (2007). Bloody Slaughter: Ritual Decapitation and Display at the Viking Settlement of Hofstaðir, Iceland. *European Journal of Archaeology*, 10(1), 7-30.
- Nordahl, Else. (1988). *Reykjavík from the archaeological point of view*. Uppsala: Societas Archaeologica Uppsaliensis.
- Orri Vésteinsson. (2016). *Hofstaðagarðshorn. Preliminary investigations 2016*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, FS629-910119.
- Roberts, Howell M., Mjöll Snæsdóttir, Mehler, Natascha, & Orri Vésteinsson. (2003). Skáli frá víkingaöld í Reykjavík. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 2000-2001*, 219-234.
- Þór Magnússon. (1973). Sögualdarbyggð í Hvítárholti. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 1972*, 5-80.
- Ö-Hofstaðir: Örnefni í Mývatnssveit, 1140-52 (Pétur Jónsson safnaði, Ari Gíslason skráði). Örnefnastofnun. Reykjavík.



# Viðaukar

## Einingaskrá

Eining	Lýsing <sup>20</sup>	Dags	Nafn
6000	Fylling í prufuskurði frá 2017	28.7.2020	HS
6001	Prufuskurður 2017	28.7.2020	HS
6002	Yfirborðslag (= [801])	28.7.2020	AFG
6003	Gjóska (Veiðivötn 1477) (= [802])	29.7.2020	JVG
6004	Foklag (= [803])	30.7.2020	JVG
6005	Blandað torflag	30.7.2021	AFG
6006	Blandað torflag	1.8.2020	JVG
6007	Blandað torflag	1.8.2021	HS
6008	Torfblandað foklag	2.8.2020	JVG
6009	Einsleitt foklag, torfblandað	2.8.2020	HS
6010	Einsleitt foklag, torfblandað	2.8.2020	HS
6011	Uppfylling við vegg	2.8.2020	JVG
6012	Mjög blandað torflag	2.8.2020	AFG
6013	Blandað foklag	2.8.2020	HS
6014	Blandað torflag	3.8.2020	AFG
6015	Lífrænt yfirborðslag (skráð sem gólf 2017) = [6020] (= [804])	3.8.2020	HS
6016	Blandað torflag/hrun	3.8.2020	JVG
6017	Blandað torflag	3.8.2020	AFG
6018	Blandað torflag	3.8.2020	HS
6019	Lífrænt lag, N enda uppgriftarsvæðis	3.8.2020	JVG
6020	= [6023] Lífrænt yfirborðslag = [6015] (= [804])	4.8.2020	AFG
6021	Blandað torflag	4.8.2020	HS
6022	Torfblandað lag	4.8.2020	JVG
6023	= [6020] Lífrænt yfirborðslag	4.8.2020	AFG
6024	Uppmoksturslag með H3 og Hverfjallagjósku	5.8.2020	JVG
6025	Foklag	5.8.2020	AFG
6026	Foklag	5.8.2020	HS
6027	Blandað torflag	5.8.2020	HG
6028	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
6029	Foklag, blandað	5.8.2020	HS
6030	Kantur - niðurgröftur/rof? = [6035]	5.8.2020	HS
6031	Blandað foklag	5.8.2020	AFG
6032	Gjóska (V-Sv 940) = [6033]	5.8.2020	HS
6033	Gjóska (V-Sv 940) á sínum stað en þó mjög slitrótt = [6032]	5.8.2020	HG
6034	Uppmoksturslag með H3	6.8.2020	AFG
6035	Kantur - niðurgröftur/rof? = [6030]	6.8.2020	AFG
6036	Þétt torflag (ÓGRAFIÐ 2020)	20.4.2021	HG
6037	Blandaður uppmokstur (ÓGRAFINN2020)	20.4.2021	HG
6038	Kolalag (ÓGRAFIÐ 2020)	20.4.2021	HG
6039	Torfveggur (ÓGRAFINN2020) = [6040]?	20.4.2021	HG
6040	Torfveggur (ÓGRAFINN2020) = [6039]?	20.4.2021	HG

<sup>20</sup> Einingarnar innan sviga í ljósgráa eiga við skráðar einingar úr prufuskurði sem grafinn var sumarið 2017 (Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson, 2018b: 28).

## Fundaskrá

Númer	Eining	Efni	Tegund	Lýsing	Dags.	Nafn
2020-35-001	6006	Bein	Dýrabein	Nokkur beinbrot, brennd	1.8.2020	HG
2020-35-002	--	--	--	--	--	--
2020-35-003	6006	Steinn	Manuport	Aðfluttur steinn	2.8.2020	HG
2020-35-004	6022	Bein	Dýrabein	Nokkur beinbrot, brennd	4.8.2020	JVG
2020-35-006	6040	Steinn	Brýni	Brot úr brýni, flöguberg	4.8.2020	HG

## Sýnaskrá

Númer	Eining	Magn	Lýsing	Dags.	Nafn
2020-35-001	6015	10 l.	Fleytingarsýni úr mögulegu gólfi	3.8.2020	HS
2020-35-002	6019	1 poki	Kol	4.8.2020	JVG
2020-35-003	6022	1 poki	Kol	4.8.2020	JVG

## Ljósmyndaskrá


Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	Nafn
1	x	N	Vinumynd, skógarhögg	28.7.2020	HG
2	x	N	Vinumynd, skógarhögg	28.7.2020	HG
3	x	N	Vinumynd, skógarhögg	28.7.2020	HG
4	x	V	Vinumynd, svæðið opnað	28.7.2020	HG
5	x	NV	Vinumynd, svæðið opnað	28.7.2020	HG
6	x	N	Vinumynd, svæðið opnað	28.7.2020	HG
7	x	N	Vinumynd, svæðið opnað	28.7.2020	HG
8	x	V	Vinumynd, svæðið opnað	28.7.2020	HG
9	6003	V	v1477 gjóska	28.7.2020	HG
10	6003	V	v1477 gjóska	28.7.2020	HG
11	6003	S	v1477 gjóska	28.7.2020	HG
12	6003	S	v1477 gjóska	28.7.2020	HG
13	6003	A	v1477 gjóska	28.7.2020	HG
14	6003	V	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
15	6003	A	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
16	6003	SA	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
17	6003	SA	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
18	6003	A	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
19	6003	A	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
20	6003	V	v1477 gjóska - eftir stækkun svæðis	29.7.2020	HG
21	6003	A	v1477 gjóska -í vesturenda	29.7.2020	HG
22	6003	A	v1477 gjóska -í vesturenda	29.7.2020	HG
23	6003	N	v1477 gjóska -í vesturenda	29.7.2020	HG
24	6003	N	v1477 gjóska -í vesturenda	29.7.2020	HG
25	6004	V	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
26	6004	N	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
27	6004	N	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
28	6004	N	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
29	6004	N	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
30	6004	A	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
31	6004	A	Yfirborðslag,- fokmold	30.7.2020.	HS
32	x	A	Vinumynd	30.7.2020.	HS
33	6004	A	Foklag	30.7.2020.	HS
34	6004	A	Foklag	30.7.2020.	HS
35	x	SV	Vinumynd	30.7.2020.	HG
36	x	SV	Vinumynd	30.7.2020.	HG
37	x	V	Vinumynd	30.7.2020.	HG
38	x	V	Vinumynd	30.7.2020	HG
39	x	NV	Vinumynd	30.7.2020.	HG
40	6005	N	Blandað torflag	30.7.2020.	AFG
41	6005	A	Blandað torflag	30.7.2020.	AFG
42	6005	S	Blandað torflag	30.7.2020.	AFG
43	6006	V	Blandað torflag	1.8.2020	HS
44	6006	V	Blandað torflag	1.8.2020	HS
45	6006	S	Blandað torflag	1.8.2020	HS
46	6006	N	Blandað torflag	1.8.2020	HS
47	6006	A	Blandað torflag	1.8.2020	AFG

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	Nafn
48	6007	S	Blandað torflag	1.8.2020	AFG
49	6007	V	Blandað torflag	1.8.2020	AFG
50	6007	A	Blandað torflag	1.8.2020	AFG
51	6007	A	Blandað torflag	1.8.2020	AFG
52	6008	S	Torfblandað foklag	2.8.2020	JVG
53	6008	A	Torfblandað foklag	2.8.2020	JVG
54	6008	N	Torfblandað foklag	2.8.2020	JVG
55	6009	N	Einsleitt foklag	2.8.2020	HS
56	6009	V	Einsleitt foklag	2.8.2020	HS
57	6009	S	Einsleitt foklag	2.8.2020	HS
58	6010	S	Torfblandað fok/hrunlag	2.8.2020	AFG
59	6010	V	Torfblandað fok/hrunlag	2.8.2020	AFG
60	6010	A	Torfblandað fok/hrunlag	2.8.2020	AFG
61	6011	N	Uppfylling við vegg?	2.8.2020	JVG
62	6011	A	Uppfylling við vegg?	2.8.2020	JVG
63	6011	N	Uppfylling við vegg?	2.8.2020	JVG
64	6011	V	Uppfylling við vegg?	2.8.2020	JVG
65	6012	N	Mjög blandað torfhrun	2.8.2020	AFG
66	6012	V	Mjög blandað torfhrun	2.8.2020	AFG
67	6012	S	Mjög blandað torfhrun	2.8.2020	AFG
68	6013	S	Torfblandað lag	2.8.2020	HS
69	6013	V	Torfblandað lag	2.8.2020	HS
70	6013	A	Torfblandað lag	2.8.2020	HS
71	6014	N	Blandað torflag	3.8.2020	AFG
72	6014	V	Blandað torflag	3.8.2020	AFG
73	6014	S	Blandað torflag	3.8.2020	AFG
74	6014	A	Blandað torflag	3.8.2020	AFG
75	6015	S	Blandað torflag	3.8.2020	HS
76	6015	A	Blandað torflag	3.8.2020	HS
77	6015	V	Blandað torflag	3.8.2020	HS
78	6016	N	Torflag/hrun?	3.8.2020	JVG
79	6016	niður	Torflag/hrun?	3.8.2020	JVG
80	6016	S	Torflag/hrun?	3.8.2020	JVG
81	6017	A	Foklag upp við vegg/rof/skurð	3.8.2020	HG
82	6017	S	Foklag upp við vegg/rof/skurð	3.8.2020	HG
83	6017	SV	Foklag upp við vegg/rof/skurð	3.8.2020	HG
84	x	S	vinnumynd	3.8.2020	AFG
85	6012	S	Torfblandað lag/hrun?	3.8.2020	AFG
86	6012	V	Torfblandað lag/hrun?	3.8.2020	AFG
87	6012	A	Torfblandað lag/hrun?	3.8.2020	AFG
88	6018	S	Blandað torflag	4.8.2020	HS
89	6018	V	Blandað torflag	4.8.2020	HS
90	6019	niður	Lífrænt lag	4.8.2020	JVG
91	6019	N-niður	Lífrænt lag	4.8.2020	JVG
92	6019	S	Lífrænt lag	4.8.2020	JVG
93	6019	V	Lífrænt lag	4.8.2020	JVG
94	6020	S	Lífrænt lag	4.8.2020	AFG
95	6020	A	Lífrænt lag	4.8.2020	AFG
96	6020	N	Lífrænt lag	4.8.2020	AFG

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	Nafn
97	6021	S	Blandað torflag - uppmokstur?	4.8.2020	HS
98	6021	V	Blandað torflag - uppmokstur?	4.8.2020	HS
99	6021	S	Blandað torflag - uppmokstur?	4.8.2020	HS
100	6022	A	Blandað torflag	4.8.2020	JVG
101	6022	A	Blandað torflag	4.8.2020	JVG
102	6022	A	Blandað torflag	4.8.2020	JVG
103	6022	S	Blandað torflag	4.8.2020	JVG
104	6023	S	Torfblandað lífrænt lag	4.8.2020	AFG
105	6023	A	Torfblandað lífrænt lag	4.8.2020	AFG
106	6023	N	Torfblandað lífrænt lag	4.8.2020	AFG
107	6024	N	Uppmoksturslag	4.8.2020	HG
108	6024	N	Uppmoksturslag	4.8.2020	HG
109	6024	A	Uppmoksturslag	4.8.2020	HG
110	x	NV	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
111	x	V	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
112	x	NV	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
113	x	V	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
114	x	V	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
115	x	SV	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
116	x	SV	Vinnumynd	4.8.2020	JVG
117	6028	S	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
118	6028	A	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
119	6028	N	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
120	6025	A	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
121	6025	S	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
122	6025	N	Torfkennt lífrænt lag	5.8.2020	AFG
123	6027	A	Blandað lag	5.8.2020	HG
124	6027	N	Blandað lag	5.8.2020	HG
125	6027	S	Blandað lag	5.8.2020	HG
126	6027	S	Blandað lag	5.8.2020	HG
127	6026	S	Foklag upp við dæld	5.8.2020	HS
128	6026	S	Foklag upp við dæld	5.8.2020	HS
129	6028	A	?	5.8.2020	AFG
130	6028	S	?	5.8.2020	AFG
131	6028	N	?	5.8.2020	AFG
132	x	V	vinnumynd	5.8.2020	HS
133	x	V	vinnumynd	5.8.2020	HS
134	x	S	vinnumynd	5.8.2020	HS
135	x	S	vinnumynd	5.8.2020	HS
136	x	S	vinnumynd	5.8.2020	HS
137	x	S	vinnumynd	5.8.2020	HS
138	6029	S	Foklag upp við kant	5.8.2020	HS
139	6029	S	Foklag upp við kant	5.8.2020	HS
140	6031	S	niðurgröftur/kantur?	5.8.2020	AFG
141	6031	A	niðurgröftur/kantur?	5.8.2020	AFG
142	6031	N	niðurgröftur/kantur?	5.8.2020	AFG
143	6033	A	Blandað lag sunnan við vegg	6.8.2020	HG
144	6033	A	Blandað lag sunnan við vegg	6.8.2020	HG
145	6033	N	Blandað lag sunnan við vegg	6.8.2020	HG

Rammi	Eining	Átt	Lýsing	Dags.	Nafn
146	6033	N	Blandað lag sunnan við vegg	6.8.2020	HG
147	6034	S	Uppmökstur með skellum af H3	6.8.2020	AFG
148	6034	A	Uppmökstur með skellum af H3	6.8.2020	AFG
149	6034	N	Uppmökstur með skellum af H3	6.8.2020	AFG
150	6035	S	Vestri skurður	6.8.2020	AFG
151	6035	A	Vestri skurður	6.8.2020	AFG
152	6035	N	Vestri skurður	6.8.2020	AFG
153	x	V	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
154	x	N	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
155	x	N	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
156	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
157	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
158	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
159	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
160	x	A	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
161	x	A	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
162	x	A	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
163	x	V	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
164	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
165	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
166	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
167	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
168	x	S	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
169	x	N	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
170	x	N	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS
171	x	A	Yfirlitsmyndir af svæði í lok uppgrftar	6.8.2020	HS

# Matrix



## Skýrslur Hofstaðarannsóknarinnar

Adolf Friðriksson, & Orri Vésteinsson 1995. *Fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS011-91024.

Adolf Friðriksson, & Orri Vésteinsson 1996. *Hofstaðir í Mývatnssveit. Uppgraftarskýrsla 1996*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS026-91014.

Orri Vésteinsson 1996. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I: Fornleifar á Hofstöðum, Helluvaði, Gautlöndum og í Hörgrsdal*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS022-96011.

Adolf Friðriksson, & Orri Vésteinsson 1997. *Hofstaðir í Mývatnssveit: framvinduskýrsla*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS042-91015.

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1998. *Hofstaðir 1998. Framvinduskýrslur*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS062-91016.

Lucas, G. 1999. *Hofstaðir 1999. Framvinduskýrslur/Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS102-91017.

Lucas, G. 2001. *Hofstaðir 2000. Framvinduskýrslur/Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS130-91018.

Lucas, G. 2002. *Hofstaðir 2001. Framvinduskýrslur/Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS167-91019.

Lucas, G. 2003. *Hofstaðir 2002. Framvinduskýrslur/Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS193-910110.

Hildur Gestsdóttir. 2004. *Hofstaðir 2003. Framvinduskýrsla/Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS230-910111.

Hildur Gestsdóttir. 2006. *Hofstaðir 2004. Interim Report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS311-910112.

Hildur Gestsdóttir & Oddgeir Isaksen 2011. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2010 (Framvinduskýrsla)*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS455-910113.



Oddgeir Isaksen, & Hildur Gestsdóttir 2012. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2011 (Framvinduskýrsla)*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS485-910114.

Oddgeir Isaksen, & Hildur Gestsdóttir 2012. *Fornleifarannsókn á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit sumarið 2012 (Framvinduskýrsla)*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS504-910115.

Hildur Gestsdóttir & Oddgeir Isaksen 2014. *Hofstaðir 2013. Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS533-910116.

Hildur Gestsdóttir. 2015. *Hofstaðir 2014. Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS557-910117.

Hildur Gestsdóttir. 2016. *Hofstaðir 2015. Interim report*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands: FS604-910118.

Orri Vésteinsson 2016. *Hofstaðagarðshorn. Preliminary investigations 2016*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS629-910119.

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Orri Vésteinsson 2018. *Í Brekkum. Fornbýli í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2017*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS699-910120.

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Orri Vésteinsson 2018. *Hofstaðir í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2018*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS726-910121.

Hildur Gestsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Orri Vésteinsson 2020. *Hofstaðir í Mývatnssveit. Fornleifarannsókn 2019*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands FS793-910122.